

# **Fornleifarannsóknir í Nesi við Seltjörn IV**

Tillögur um rannsóknir og kynningu á  
menningarminjum í Nesi

Orrí Vésteinsson

**Fornleifastofnun Íslands**

FS008:95014  
**Reykjavík 1995**

## *Efnisyfirlit*

I. Inngangur	bls. 3
II. Almennar forsendur rannsókna og kynningar.	bls. 4
Minjagildi fornleifanna í Nesi	bls. 4
Um umfang rannsókna	bls. 5
Um eðli kynningar og samhengi við aðra starfsemi	bls. 6
III. Yfirlit um menningarminjar á utanverðu Seltjarnarnesi	bls. 7
IV. Yfirlit um menningarsöguleg samhengi	bls. 8
Lækningar	bls. 8
Stórbýli með kotum	bls. 9
Húsagerð stórmenna á 18. öld	bls. 9
Ræktun og jarðyrkja	bls. 10
Sjávarútvegur	bls. 10
Landnám og búseta á 10. öld	bls. 10
V. Tillögur um rannsóknir og kynningu	bls. 11
Rannsókn á bæjarhól í Nesi	bls. 11
Kirkjugarður í Nesi	bls. 12
Kirkja í Nesi	bls. 12
Tún og gerði	bls. 13
Meint langhús	bls. 13
Móakot	bls. 14
Efnahagur á utanverðu Seltjarnarnesi	bls. 14
VI. Niðurlag	bls. 14

## I. Inngangur

Eins og greint var frá í *Fornleifarannsóknnum í Nesi við Seltjörn I.* var eitt af markmiðum forkönnunarinnar sem gerð var 1995 að leggja mat á minjagildi svæðisins í heild og gera tillögur um frekari fornleifarannsóknir, tilhögun þeirra, umfang og fræðileg markmið. Þá yrðu einnig gerðar áætlanir um hvernig gera megi svæðið í kringum Nesstofu og minjarnar sem þar eru aðgengilegra almenningi, bæði meðan á rannsóknum stendur og að þeim loknum.

Í þessari skýrslu verður fyrst gerð grein fyrir þeim menningarminjum sem á svæðinu eru og verður þá litið til alls utanverðs Seltjarnarness, þ.e. vestan við svokallaðan Þvergarð sem liggur þvert yfir Valhúsahæð. Minjarnar við Nesstofu eru hluti af stærra samhengi og rannsóknir og kynning á þeim munu því aðeins skila árangri að samhengi búsetu, búskaparháttu og efnahags sé tekið með í reikninginn. Slík heildarsýn er ekki aðeins nauðsynleg við undirbúning undir rannsóknir og kynningu heldur stuðlar hún að betri nýtingu þeirrar auðlindar sem menningarverðmæti eru.

Á grunni yfirlits um menningarminjar á utanverðu Seltjarnarnesi og upplýsinga um sögu svæðisins verða skilgreind nokkur menningarsöguleg samhengi sem gætu orðið einskona rannsóknar- og kynningarverkefni. Fornleifarannsóknir hafa oft tilhneigingu til að verða mjög staðbundnar, þ.e. rannsóknarverkefni vilja mótast af því að fundnar eru heppilegar mannvirkjaleifar til að grafa upp og takmarkast síðan sjónarhorn rannsækenda við þann stað. Með því að safna heimildum um allar menningarminjar á tilteknu svæði og skilgreina fyrirfram í hvaða menningarsögulega samhengi hægt er að skoða þær er betur tryggt að heildstæðar niðurstöður fáiast sem eru hvorttveggja í senn áhugavekjandi og vísindalega markverðar.

Í síðasta hluta þessarar skýrslu verða gerðar tillögur um nokkur rannsóknarverkefni. Gerð verður grein fyrir fræðilegum markmiðum, aðferðum, umfangi og kostnaði og möguleikum á kynningu að rannsóknum loknum og á meðan þeim stendur þar sem það á við. Margskonar rannsóknarverkefni mætti hugsa sér í tengslum við menningarminjar í Nesi en haft var í huga við val á þeim verkefnum sem hér eru kynnt að hafa sem mest úrval með tilliti til kostnaðar og umfangs.

Áður en fjallað verður um menningarminjar á Seltjarnarnesi verður fjallað stuttlega um almennar forsendur rannsókna og kynningar. Bent verður á nokkur grundvallaratriði sem rétt er að hafa í huga við stefnumótun um rannsóknir og kynningu á menningarminjum. Þá verður einnig gerð stutt grein fyrir helstu aðferðum við kynningu á menningarminjum.

## II. Almennar forsendur rannsókna og kynningar

Fornleifauppgröftur felur alltaf í sér eyðileggingu á menningarminjum. Uppgröftur er því aðeins réttlætunlegur að eyðilegging af völdum framkvæmda eða rofs sé hvort eð er yfirvofandi eða fræðilegur ávinningur af uppgreftinum sé ótvíræður. Það er vitaskuld ávalt matsatriði hversu mikill fræðilegur ávinningur þarf að vera til að réttlæta uppgröft, en nauðsynlegt er að fræðileg markmið séu skýrt skilgreind fyrirfram og að gerðar séu áætlanir um hvernig koma eigi þeim upplýsingum sem safnað er til skila til fræðimanna og almennings. Niðurstöður fornleifarannsókna enda tíðast í vísindaritum eingöngu og ná því aðeins til sérfræðinga og er oftast ekki undir hælinn lagt hvort þær eru kynntar almenningi á skiljanlegan hátt.

Þegar um er að ræða svæði eins og Nes, þar sem menningarminjar eru ekki lengur í hættu en áhugi er fyrir hendi að láta kanna þær með uppgrefti, er því ávinningur ef hægt er fyrirfram að skilgreina hvernig kynna á niðurstöðurnar fyrir almenningi. Skýr stefna varðandi kynningu á niðurstöðum rannsókna ætti jafnframt að tryggja fræðilegan ávinning, en fræðilegur ávinningur hlýtur að verða því meiri sem niðurstöðurnar gagnast fleirum.

Þó að mikilvægt sé að hafa skýra stefnu varðandi kynningu og gera allt sem hægt er til að sem flestir geti haft gagn og gaman af þeim upplýsingum sem safnað er, er mikilvægt að slaka ekki á fræðilegum kröfum. Því miður vill það oft verða við kynningu á menningarminjum að lítið er gert úr gildi rannsókna í nafni þess að almenningur skilji niðurstöður þeirra hvort eð er ekki. Reynslan hefur hinsvegar sýnt að ef kynning á að vera hvorttveggja í senn, skemmtileg og fróðleg, þá þarf hún að byggja á vönduðum rannsóknum. Gott dæmi um vel heppnað samspil rannsókna og kynninga er víkingaaldarsýningin í York á Englandi en hún er byggð á afar vönduðum rannsóknum þar sem hvergi var slakað á fræðilegum kröfum. Sannleikurinn í þessu máli er, að vel heppnuð kynning hlýtur að byggja á áhugavekjandi upplýsingum og til þess að draga slíkar upplýsingar fram í dagsljósið þarf oft að leggja í rannsóknir sem í fljótu bragði virðast ekki skila áhugavekjandi eða skiljanlegum upplýsingum. Slíkar grunnrannsóknir eru þó langoftast forsenda raunverulega aukinnar þekkingar, og aukin þekking og ný sjónarhorn eru aftur forsenda spennandi kynningar.

**Minjagildi fornleifanna í Nesi.** Nes við Seltjörn er gott dæmi um minjasvæði sem er í sjálfu sér ekki stórmerkilegt á sama hátt og t.d. Þingvellir eða Gásir, en þar sem möguleikar eru engu að síður til að auka þekkingu og kynna fortíðina á spennandi og nýstárlegan hátt. Engar af minjunum sem sjást á yfirborði í Nesi geta talist sérstakar eða menningarsögulega mikilvægar öðrum fremur, en svæðið er hinsvegar sérstætt að því leyti að þar hefur varðveist mjög vel menningarsöguleg heild sem ekki er víða að finna lengur og alls ekki í slíkri nálægð við þéttbýli. Túnið í Nesi hefur verið sléttað með

handverkfærum fyrir fyrra stríð og hefur ekki verið átt við það síðan með jarðvinnuvélum. Slétturnar í byrjun aldarinnar hafa verið vandaðar og því hefur ekki þurft að vinna túnið seinna með stórvirkari vinnuvélum sem hefðu grandað tóftunum sem í því eru. Flest tún á Íslandi voru ekki sléttuð fyrr en undir miðja öldina og þá með þúfnabönunum eða jarðýtum sem tættu upp og eyðilögðu allar húsatóftir sem í þeim voru. Minjarnar í Nesi eru því sérstæðar af því að þær eru óvenjulega vel varðveitt dæmi um mannvirki sem eitt sinn voru afaralgeng en eru nú orðin mjög sjaldgæf. Það eykur auðvitað mjög gildi minjanna hversu aðgegnilegar þær eru og nálægar þéttbýli.

Í Nesi eru miklir möguleikar, bæði á athyglisverðum rannsóknum og spennandi kynningu, og góðar aðstæður til að flétta hvorttveggja saman. Afarmikilvægt er að minjasvæðið verði varðveitt áfram sem heild en í því felst einmitt megingildi þess. Einnig er mikilvægt að gerð verði heildaráætlun um kynningu og rannsóknir á svæðinu. Rannsóknir og kynning geta unnið vel saman og má einnig flétta inn í aðra nýtingu, en ef einn þáttur er skipulagður án tillits til hinna þá eykst mjög hættan á að eyðilagðir séu möguleikar sem hægt hefði verið að nýta í framtíðinni. Þar sem um fornleifar er að ræða þá er slík eyðilegging yfirleitt endanleg og óafturkræf.

**Um umfang rannsókna.** Þegar minnst er á fornleifarannsóknir sjá menn yfirleitt fyrir sér uppgröft og algeng er sú hugmynd að uppgröftur skili þeim mun meiri árangri sem hann er umfangsmeiri. Það síðara er ekki nema að hluta til rétt því árangur fornleifarannsókna fer miklu meir eftir því hversu vel skilgreindar rannsóknarspurningarnar eru og því hversu vel tekst að nýta hinar margvíslegu aðferðir sem fornleifafræðin hefur upp á að bjóða. Uppgröftur er aðeins ein aðferð af mörgum, og þar sem hún er sú aðferð sem hefur mesta eyðileggingu í för með sér, er sífellt meiri áhersla lögð á að þróa og finna annarskonar aðferðir. Þetta er mikilvægt að hafa í huga við skipulagningu á rannsóknum og kynningu - uppgröftur er ekki eina aðferðin til að rannsaka fornleifar og hún er enn fremur með þeim dýrari og veldur óafturkræfum skaða.

Nes við Seltjörn er gott dæmi um minjasvæði þar sem mjög vel hentar að láta reyna á ýmiskonar aðferðir við fornleifakönnun. Þegar hefur nokkrum nýstárlegum aðferðum verið beitt á svæðinu. Þar hefur farið fram nákvæm kortlagning á litlu svæði með jarðsjá, gert hefur verið nákvæmt yfirborðskort af túninu öllu og er það í fyrsta skipti sem slíkt er gert með þeim hætti á Íslandi, og byrjað er að safna fornvistfræðilegum upplýsingum um túnið og sögu ræktunar í Nesi og er það einnig nýjung. Þá voru tvö afmörkuð svæði kortlögð með viðnámsmæli 1995 og er það í fyrsta skipti sem slíkum mæli hefur verið beitt við fornleifakönnun á Íslandi svo vitað sé.<sup>1</sup> Staðsetning Ness gerir að verkum að mjög auðvelt er fyrir vísindamenn að gera þar athuganir með nýjum tækjum og mikill hagur er af því að hægt er að bera saman niðurstöður ólíkra rannsóknaraðferða á sömu

<sup>1</sup> Garðar Guðmundsson stóð fyrir viðnámsmælingum í Nesi í september 1995 og er skýrsla að vænta um þær 1996.

viðfangsefnum. Gott dæmi um slíkt er samanburður jarðsjármælinga, uppgrftar og viðnámsmælinga.

Skurður ND sem grafinn var 1995 nálægt einu af þversniðum þeim sem mælt var með jarðsjá 1994, leiddi í ljós að túlkun jarðsjármælingarinnar gaf ekki góða mynd af þeim mannvistarleifum sem undir yfirborðinu leyndust. Túlkun jarðsjármælinga hefur hinsvegar hingað til ekki byggt á samanburði við uppgraftargögn, og er Nes fyrsti staðurinn þar sem farið hefur fram uppgröftur og jarðsjármæling á sama stað en það er mikilvægt fyrir þróun seinni aðferðarinnar sem getur nú borið saman sniðteikningu jarðsjánnar við raunverulegt snið og byrjað þannig að byggja upp tilvísunarkerfi sem mun síðan leiða til nákvæmari túlkunar. Viðnámsmælingar sem gerðar voru á sama svæði og jarðsjármælingarnar leiddu í ljós mjög áþekka grunnmynd og er það vísbending um að jarðsjáin skynji fyrst og fremst mannvirki skammt undir yfirborði en vekur jafnframt þá spurningu hvort viðnámsmælar nýtist þá ekki jafnvel þar sem þeir eru mun ódýrari tæki.

**Um eðli kynningar og samhengi við aðra starfsemi.** Kynning á menningarminjum er afarskammt á veg komin á Íslandi, svo skammt raunar að fyrir utan minjasöfn er eiginlega engin kynning á minjastöðum. Þetta sætir furðu því aðsókn á minjastaði, eins og t.d. Stöng í Þjórsárdal, skiptir tugum þúsunda á ári hverju jafnvel þó þeir séu langt úr alfaraleið. Einnig er mikil aðsókn á svokallað sögustaði eins og Borg á Mýrum og Hlíðarenda í Fljótshlíð þó þar sé lítið sem ekkert að sjá. Sinnuleysi um kynningu á menningarminjum er því sérkennilegra að hún þarf alls ekki að vera kostnaðarsöm eða flókin í framkvæmd. Hér að neðan verða tekin nokkur dæmi um kynningu.

Mörgum Íslendingum finnst eins og engar fornleifar séu í landi okkar og hafa þá í huga stórkostleg mannvirki á borð við píramýða, kastala eða stórsteinagrafir sem finna má í útlöndum. Þó að grasi grónar tóftir láti lítið yfir sér geta þær engu að síður verið markverðar og áhugaverðar. Fyrsta skrefið í að kynna slíkar minjar er að gera þær aðgengilegar. Vandinn er að margir af mest spennandi minjastöðunum á Íslandi eru afar óaðgengilegir eða á svo viðkvæmum svæðum að ekki er verjandi að etja þangað fólki í stórum stíl. Í Nesi er um hvorugt að ræða. Þar eru merkar minjar svo að segja í dyragáttinni hjá hálfri þjóðinni og náttúrufar þannig að svæðið þolir töluverðan umgang. Þó er mikilvægt að merktar séu gönguleiðir og jafnvel lagðir stígar, bæði til að takmarka spjöll af ágangi og til að leiða minjarnar sem best í ljós. Skilti við bílastæði sem sýndi gönguleiðirnar og benti á hvað þar væri að sjá væri nægileg lágmarkskynning, en einnig mætti útbúa laus blöð eða bækling sem fólk gæti gengið með meðan það virti fyrir sér minjarnar. Í Nesi vill svo vel til að á staðnum er fyrir safn og er eðlilegt að tengja kynningu menningarminja á svæðinu starfsemi þess. Það á bæði við um atriði eins og salernisaðstöðu eða mögulega kaffisölu en einnig mætti hugsa sér að koma fyrir í andyri safnsins tölvuskjá þar sem hægt væri að kalla fram kort af svæðinu og fá upplýsingar um minjarnar og hvernig þær tengjast sögu Seltjarnarness.

### III. Yfirlit um menningarminjar á utanverðu Seltjarnarnesi

Nesstofa stendur á háum og breiðum bæjarhól sem samanstendur af mannvistarlögum frá því landnámsgjóska féll skömmu fyrir 900 og fram á 18. öld. Eru mannvistarlögin á þriðja metra á háhólum. Austan hólum stóð kirkjan og þar er kirkjugarður undir og má ætla að í honum séu jarðsettir fleiri hundruð Seltirningar. Íbúðarbyggð er komin fast upp á hólinn að austanverðu og hafa leifar kotanna Gesthúsa og Nýlendu horfið undir nýbyggingar. Þá hafa traðirnar sem lágu heim að Nesi einnig horfið undir hús og garða. Á kortum frá miðri öldinni sést að misjöfnur sambærilegar þeim sem enn sjást í túninu vestan við stofuna hafa verið austan við hana þar sem nú er íbúðabryggð við Nesbala en þó að þær sjást ekki lengur er ekki fullvíst að þær hafi verið eyðilagðar með öllu en nákvæm yfirborðsskráning getur aðeins skorið úr um það. Sunnan og vestan við bæjarhólinn hefur hið forna tún Ness varðveist og í því leifar eftir allmörg mannvirki. Mörg þessara mannvirkja eru gerði af ýmsum stærðum og flest svo stór að ólíklegt verður að teljast að þau séu eftir hús. Um hlutverk þeirra verður lítið fullyrt, en heygarðar, sáðgarðar og nátthagar koma til greina og jafnvel akurgerði ef tóftirnar eru mjög fornar. Á nokkrum stöðum eru minni misjöfnur sem geta verið eftir útihús. Skammt norðvestan við bæjarhólinn er tóft sem lítur út sem langhús eða skáli og er hugsanlegt að þar sé um að ræða byggingu frá landnámsöld. Umhverfis túnið er túngarður enn sjáanlegur á nálega 500 metra bili. Í stórum sveig umhverfis túnið í Nesi eru leifar eftir hjáleigur og kot. Í Gróttu, Knútsborgum og Móakoti eru óspillt bæjarstæði en á bæjarstæðum Litlabæjar, Ráðagerðis, Bygggarðs, Bollagarða, Bakkakots og Bakka hefur verið byggt á þessari öld. Þó eru hér og þar sýnilegar minjar sem tengjast búsetu og búskap á þessum smájörðum, einkum í Bygggarði, Ráðagerði og Bakka sem eru einna elst afbýla Ness á utanverðu Seltjarnarnesi. Þá hafa einnig komið í ljós öskuhaugar á stöðum þar sem ekki er vitað um búsetu á síðari öldum, t.a.m. milli Nýjabæjar og Bygggarðs og bein þau sem komu í ljós í lóðinni Nesbala 38 fast við þar sem túngarðurinn í Nesi hefur legið vísa líklega frekar á öskuhaug en legstað manna. Innanum afbýlin má finna leifar eftir réttir og stekki á nokkrum stöðum en slíkar minjar eru vitnisburður um horfna búskaparhætti. Þvergarður var mikið mannvirki sem nú er lítið eftir af og skipti nesinu í tvennt. Garðar af þessu tagi eru fáir en afar sérstæðir og hefur Þvergarður mikið varðveislugildi. Meðfram ströndinni er enn að sjá sjávargarða, varir og aðrar minjar um árabátaútgerð en fiskveiðar voru forsenda hins mikla þéttbýlis sem var á utanverðu Seltjarnarnesi þegar á 18. öld og eflaust fyrir.

Miðað við stærð svæðisins og miklar framkvæmdir á þessari öld verður að telja að mjög mikið hafi varðveist þar af minjum og af margvíslegum toga. Þó hefur mikið af minjum eyðilagst og glatast að eilífu og er mikilvægt að gerðar verði ráðstafanir til að



koma í veg fyrir að fleiri minjastaðir fari forgörðum. Það er rétt að leggja áherslu á að gildi minjanna á utanverðu Seltjarnarensi felst í því að þær mynda heild og þarf að taka mið af því við verndun og mögulega friðun.

#### *IV. Yfirlit um menningarsöguleg samhengi*

Rannsóknir sem gerðar eru án tillits til víðara samhengis eru yfirleitt gagnslitlar og því er mikilvægt að skilgreina fyrirfram í hvaða samhengi setja á þær upplýsingar sem safnað er. Hér að neðan eru settar fram nokkrar tillögur um slík samhengi sem gætu orðið rammar utanum frekari rannsóknir í Nesi. Listinn er alls ekki tæmandi og ekki þarf að líta svo á að með því að velja eitt samhengi þurfi að útiloka önnur. Raunar er best að nákvæmlega skilgreindar rannsóknarspurningar fari saman með opnum huga um önnur samhengi því fornleifarannsóknir vilja oft leiða í ljós óvænta hluti og er þá betra að rannsakendur séu í stakk búnir til að setja uppgötvanir sínar í ný samhengi.

**Lækningar.** Nú þegar er komið lækna- og lyfjafræðisafn í Nesi og ljóst að aðeins lítt hluti mannvirkja sem þar leynast í jörðu geta tengst sögu lækninga á staðnum en hún nær aðeins aftur á 18. öld. Þó hafa fundist í jörðu í kringum Nesstofu meðalaglös og aðrir gripir sem augljóslega tengjast setu landlæknis og apótekara á staðnum á 18. og 19. öld. Vel er hugsanlegt að frekari rannsóknir efst í hólnum gætu leitt í ljós gripi sem gættu varpað nýju ljósi á sögu lækninga. Það er þó ekki sérlega lítið og hæpið yrði að teljast að leggja út í uppgröft með slík markmið ein í huga.

Hinsvegar er athugandi að í tengslum við lyfsölu í Nesi hafi borist þangað jurtir og verið ræktaðar sem notaðar voru til lyfjagerðar. Ræktun lyfjagrása á Íslandi er lítt kannað svið og er hugsanlegt að með fornvistfræðilegum aðferðum megi finna og greina frjó eða aðrar leifar lyfjagrása og auka þannig þekkingu á þessu sviði.

Ein hlið af setu landlæknis og apótekara í Nesi er hin efnahagslega. Þessir embættismenn stunduðu búrekstur jafnframt lækningastörfum og myndi athugun á honum geta varpað nýju ljósi á afkomu og lífsgæði íbúa Nesstofu. Slík athugun yrði fyrst og fremst rannsókn á skjölum en hana mætti einnig tengja almennum fornleifafræðilegum rannsóknum á búnaðarháttum og búsetu í Nesi.

Í kirkjugarðinum í Nesi hvíla eflaust nokkur hundruð Seltirningar. Hugsanlegt væri að gera á þeim stóra læknisfræðilega rannsókn á mataræði og sjúkdómum í gegnum aldirnar. Það er þó ástæða til að benda á að slík rannsókn væri því aðeins réttlæt看leg að allur kirkjugarðurinn yrði grafinn upp, en gildi athugana á líkamsleifum byggir að stórum hluta á því að úrtakið sé stórt - til að það sé marktækt - og að það sé fullkomið, þ.e. að í því séu fulltrúar allra stétta, aldurshópa og tímabila. Að grafa upp allan garðinn væri gríðarleg framkvæmd þar sem djúpt er niður á grafirnar, og ýmsum vandlvæðum bundin þar sem varðveisla beina og kista er ekki nema í meðallagi góð. Sennilegt er að stór hluti



kirkjugarðsins sé undir Neströð og myndi uppgröftur þar því ekki koma til greina fyrir en eða ef aðkeyrslan að Nesstofu verður færð.

**Stórbýli með kotum.** Nes var eitt af mestu stórbýlum á Íslandi, allt frá 13. öld að minnsta kosti, og er dæmigert fyrir stórbýli við sjávarsíðuna sem urðu setur stórmenna og hefðarbænda á 13. öld og síðar. Kirkjan í Nesi var bændakirkja, þ.e.a.s. hún var í eigu og umsjá Nesbóndans en ekki prests eða biskups og í sókninni voru aðeins jarðir sem voru í eign Nesbóndans, annaðhvort sem hluti af jörðinni Nesi eða sem kirkjujarðir sem að nafni til tilheyrðu kirkjunni í Nesi. Bóndinn í Nesi hefur því verið allsráðandi í sókninni; allir sóknarmenn voru landsetar hans og hann hefur haft í hendi sér hverjir gátu búið á svæðinu og ráðið miklu um kjör þeirra. Bóndinn í Nesi hefur jafnframt staðið fyrir umfangsmikilli útgerð og haft mikinn hagnað af útgerð landseta sinna, en útgerðin hefur gert honum kleyft að leigja út smáskika af heimajörðinni og kirkjujörðunum undir þurrabúðir.

Mörgum spurningum er enn ósvarað um hvernig stórbýli eins og Nes urðu til og hvernig þau þróuðust í gegnum aldirnar og hvernig þau voru rekin á hverjum tíma. Mestur árangur næst í sögu efnahags og efnahagsstjórnunar ef stuðst er við hvorttveggja, skjalaheimildir og fornleifar. Í tilfalli Ness eru skjalaheimildir aðeins tiltækar að ráði frá seinni öldum en fornleifarannsóknir, einkum í tengslum við kotin og afbýlin, gætu varpað nýju ljósi á sögu Nestorfunnar á miðöldum og bætt í myndina sem ritheimildir gefa af staðnum á seinni öldum. Fyrsta stig í slíkum rannsóknum væri nákvæm yfirborðskönnun og kortlagning mannvistarleifa í kringum Nes, og síðan mætti svara ákveðnum spurningum með “taktískum” uppgröftum sem þyrftu ekki að vera svo umfangsmiklir.

**Húsagerð stórmenna á 18. öld.** Saga lækninga í Nesi og saga stórbúskapar þar um aldir koma saman í þeim miklu byggingum sem reistar voru á staðnum. Nesstofa sjálf er þar auðvitað helsti minnisvarðinn en ljóst er að aðrar byggingar á staðnum, sér í lagi kirkjan sem reist var 1785, hafa verið stórfenglegar á þeirra tíma mælikvarða. Það hlýtur að vera sjálfsagtr markmið að kynna byggingarsögu stofunnar þeim sem heimsækja staðinn og jafnframt að leitast við að bregða upp mynd af staðnum eins og hann var á 18. öld. Slík athugun myndi einnig byggja á rannsókn skjala og fornleifa á staðnum. Ekki er fráleitt að leiða mætti fram leifar síðasta torfbæjarins sem stóð í Nesi austan við stofuna um allangan tíma eftir að hún var byggð. Slíkt gæti þó reynst flókið í framkvæmd, verið getur að yngstu torfhúsin hafi skemmst af raski á þessari öld eða síðustu og jafnframt gæti orðið önuget fyrir aðra starfsemi á staðnum að hafa fornleifarannsókn á þessum stað. Betur afmarkað verkefni væri að grafa upp kirkjugrunninn frá 1785 og nota hann til að kynna kirkjuna og aðrar byggingar á staðnum. Til eru allnákvæmar lýsingar á kirkjunni frá 1785 og mætti teikna upp endurgerð hennar og hafa til sýnis á skilti við grunninn eða jafnvel á tölvuskjá og gætu gestir þá með hjálp tölvunnar gengið inn og útúr húsinu og skoðað það á alla kanta.

**Ræktun og jarðyrkja.** Túnið í Nesi er eitt af fáum túnnum á Íslandi sem ekki hefur verið sléttað með stórvirkum vinnuvélum og er það því kjörinn vettvangur fyrir rannsóknir á sögu túnræktar og jarðyrkju. Mikilvægt er fyrir efnahagssögu staðarins að átta sig á eðli og umfangi túnræktar á hverjum tíma og atriðum eins og áburðarnotkun. Slíkar rannsóknir væru jafnframt mikilsvert framlag til sögu landbúnaðar í heild því afarlítið er vitað um túnrækt á Íslandi fyrir 19. öld og er brýnt að bætt sé úr því. Þá minna örnefni eins og Bygggarður og Akurey, en hún tilheyrði Nesbóndanum, á að kornrækt hefur verið í Nesi og væri afarmikilsvert að fá vitneskju um tilhögun og umfang þeirrar ræktunar jafnt sem að skera úr um hvenær hætt var að rækta korn á svæðinu.

Rannsóknir á ræktun og jarðyrkju eru helst gerðar með fornvistfræðilegum aðferðum, annaðhvort í tengslum við hefðbundnar fornleifarannsóknir eða með sjálfstæðri sýnatöku sem þarf ekki að fela í sér mikið rask. Sennilegt er að rannsóknir af þessu tagi feli í sér mesta möguleika á að leiða í ljós hlutverk hinna hringmynduðu gerða sem í túninu eru.

**Sjávarútvegur.** Útgerð var forsenda hins mikla þéttbýlis sem var í Nesi þegar í byrjun 18. aldar og eru minjar um hana enn víða sýnilegar meðfram ströndinni. Mikilsvert væri að fá hugmynd um þróun árabátaútgerðar í Nesi, leiða í ljós hvenær hún hófst að marki og hvaða áhrif hún hafði á búsetu og efnahag á svæðinu.

Bæði mætti gera sérstakar rannsóknir á minjastöðum sem tengjast útgerðinni beint, t.a.m. verbúðum sem m.a. er að finna í Suðurnesi, eða skoða hlutfall fiskbeina í öskuhaugum á mismunandi stöðum. Líklegt er t.d. að fiskur hafi verið stærra hlutfall af fæði þurrabúðarfólksins en fjölskyldu bóndans í Nesi, en mikilsvert væri að fá hugmynd um hversu hátt þetta hlutfall var og hvernig það breyttist í gegnum tíðina. Nákvæmar staðbundnar athuganir á útgerð til forna gætu líka varpað ljósi á sagnfræðileg álitamál sem hafa verið ofarlega á baugi eins og það hvort tæknileg stöðnun eða afturför hafi verið í íslensku atvinnulífi á síðmiðöldum fram á þá 19.

Þá væri eðlilegt að leggja áherslu á hlut Seltjarnarness í uppbyggingu þilskipaútgerðar á 19. öld en þar er uppruna íslensks nútíma að leita.

**Landnám og búseta á 10. öld.** Eðlilegt er að spurt sé á hverjum stað hvenær fyrst var búið þar og hvernig lífi frumbyggjarnir lifðu. Í Nesi hefur verið sýnt fram á samfellda byggð frá því um 900 og er ekki ólíklegt að elstu mannvistarleifanna sé að leita neðst í bæjarhólnum. Það gæti því orðið handleggur að komast að þeim leifum. Þó er ekki óhugsandi að elsta byggðin hafi verið dreyfðari en seinna varð, en allnokkur dæmi eru um að í fyrstu hafi menn byggt út frá aflögðum byggingum<sup>2</sup> í stað þess að byggja ofan í ledri

<sup>2</sup> T.d. í Reykjavík, Herjólfssdal í Vestmannaeyjum og Hvítárholti í Biskupstungum.

tóftir eins og yfirleitt var gert á seinni öldum. Eins og eðlilegt er hittu menn ekki alltaf á ákjósanlegustu bæjarstæðin í fyrstu tilraun og hafa slík “mistök” gert fornleifafræðingum kleyft að rannsaka minjar um elstu byggð á nokkrum stöðum um landið.<sup>3</sup> Í túninu norðvestan við bæjarhólinn eru tvær ógreinilegar tóftir og er önnur þeirra afar löng, allt að 50 metrum, og minnir lag hennar mjög á víkingaaldarskála éins og t.d. þann sem grafinn hefur verið upp á Hofsstöðum í Mývatnssveit. Viðnámsmælingar á austurhluta þessarar tóftar hafa leitt í ljós regluelg munstur sem benda til að þarna sé sannarlega um mannvirki að ræða en auðvitað verður ekki komist að aldri þeirra nema með uppgrefti. Norðan við þessa löngu tóft er önnur enn ógreinilegri en gæti verið með svipuðu lagi. Ástæða er til að láta kanna þessar tóftir og ef þær reynast vera frá 9. eða 10. öld að gera þar allsherjaruppgröft en aðstæður eru afargóðar til rannsókna á þessum stað og yrði hægurinn hjá að kynna uppgröftinn fyrir almenningi meðan á honum stendur og ganga síðan frá leifunum þannig að uppgrefti loknum að hafa mætti þær til sýnis.

Ef tóftir þessar reynast vera yngri og annars eðlis má samt sem áður afla upplýsinga um elstu byggð í Nesi með öðrum aðferðum og væri mikilsvert að fá hugmynd um hvaða útihús menn byggðu á fyrstu öldunum, hversu umfangsmikil túnræktin var og hvort vísbendingar finnast um útgerð þegar á fyrstu tíð.

#### *V. Tillögur um rannsóknir og kynningu*

Í þeim útreikningum sem hér eru birtir er kostnaður við rannsóknir gefinn upp í mannrúm en Fornleifastofnun miðar við að mannrúmi sé 1,5 milljónir 1995. Í útreikningunum er gert ráð fyrir að annar kostnaður en laun sé 15 % af þeim. Ávallt er gert ráð fyrir meiri kostnaði en minni, en erfitt getur verið að áætla með nákvæmni kostnað við fornleifarannsóknir þar sem óvæntir fundir geta krafist aukins fjármagns. Því er mikilvægt þegar ekki er um björgunaruppgröft að ræða að því aðeins sé ráðist í uppgröft að þeir sem borga séu reiðubúnir að borga allan kostnað sem af verkinu getur hlotist.

**Rannsókn á bæjarhól í Nesi.** A) bæjarhús á 18. öld. Eins og bent var á hér að ofan væri hugsanlegt að grafa upp yngstu byggingarstig torfhúsa í Nesi. Þau hafa væntanlega aðallega verið austan við Nesstofu og mætti gera vel afmarkaða rannsókn á svæði u.þ.b. 30 m í austur frá stofunni og 20 m í norður og suður. Slíkur uppgröftur yrði aðeins framkvæmanlegur ef aðkeyrslan að Nesstofu verður færð til frambúðar, en verði af því þá mætti á tiltölulega auðveldan hátt ganga frá minjunum að uppgrefti loknum þannig að þær væru til sýnis almenningi. Vandinn við verkefni af þessu tagi yrði að óvíst er fyrir hversu miklu hnjaski síðustu byggingarstigin hafa orðið og mikilvægir hlutar þeirra gætu verið undir stofunni. Nálægð við stofuna gæti einnig valdið verkfræðilegum vandamálum, bæði

<sup>3</sup> T.d. á Hofsstöðum í Mývatnssveit, Grelutóftum í Arnarfirði og Hofsstöðum í Garðabæ.

hvað varðar stofuna sjálfa en óvíst er hversu traust undirlagið undir hana er og hvernig það myndi bregðast við ef opnuð yrði stór hola nálægt veggjum stofunnar. Sama vandamál gæti valdið öryggisvanda við uppgröftinn. Enn annað vandamál yrði að ákveða hvar uppgröftur af þessu tagi ætti að hætta en skil milli byggingarstiga torfhúsa eru sjaldnast afgerandi og geta hús sem notuð voru á sama tíma verið afar misgömul.

Uppgröftur af þessu tagi væri verk fyrir 7-10 grafara í 2 sumarvertíðir (3 mán) og 1 mann í 1 1/2 ár við frágang og skýrsluskrif. Einnig er rétt að gera ráð fyrir sérfræðiaðstoð við að ganga frá minjunum til sýningar sem nemi 1/2 mannári. **Samtals 8 manjár.**

B) Allur bæjarhóllinn. Til greina kæmi að grafa upp allan bæjarhóllinn. Frá fræðilegu sjónarmiði getur það ekki kallast aðkallandi verkefni þar sem allgóð mynd hefur nú fengist af stórbýlum á suðvesturlandi eftir umfangsmikla uppgrefti í Viðey og á Bessastöðum. Sömu tæknilegu vandamál yrðu við uppgröft af þessu tagi eins og í fyrsta dæminu en miklu erfiðari viðfangs. Víst er að hlutar af mannvirkjum eru undir Nesstofu og yrði afarönugt að komast að þeim en það myndi rýra gildi uppgrafarins að gera það ekki.

Mjög erfitt er að áætla kostnað við jafnumfangsmikinn uppgröft og þennan og er í þessu dæmi tekið mið af reynslu frá Stóruborg sem þó var bæði minni hóll og auk þess björgunaruppgröftur. að grafa upp bæjarhóllinn allan í Nesi væri verk fyrir 15 grafara í 10 sumarvertíðir (3 mán) og 1 mann í 12 ár við frágang og skýrsluskrif. Einnig er rétt að gera ráð fyrir sérfræðiaðstoð við að ganga frá minjunum til sýningar sem nemi 7 manjár. **Samtals 65 manjár.**

**Kirkjugarður í Nesi.** Mikilsvert væri að grafa upp heilan kirkjugarð til að fá stórt samanburðarsafn um heilsufar og næringu á Íslandi í gegnum aldirnar. Hlutar af garðinum eru undir Neströð og meginhluti hans auk þess inni á einkalóð. Fyrir utan þau vandamál er mjög djúpt í gröfunum en svæðið yrði engu að síður að moka með handverkfærum og væri um gríðarlegt verk að ræða miðað við ávinning. Eins og áður hefur verið getið eru bein og kistuleifar heldur ekki í ákjósanlegasta ástandi. Þótt það vandamál sé ekki óyfírstíganlegt verður að teljast hæpið að leggja út í jafnumfangsmikið verkefni nema leifarnar séu í besta hugsanlega ástandi. Þá er einnig rétt að benda á að þó að garðurinn hafi ekki verið í notkun í tæp tvö hundruð ár getur uppgröftur á mannabeinum auðveldlega orðið viðkvæmt mál sérstaklega þar sem um er að ræða kirkjugarð sem er fast við íbúðarbyggð. Öryggismál við þannig aðstæður gætu einnig orðið erfið.

Uppgröftur á kirkjugarði væri verk fyrir 7 grafara í 4 sumarvertíðir (3 mán) og 1 mann í 5 ár við frágang og skýrsluskrif. Einnig er rétt að gera ráð fyrir sérfræðiaðstoð við að greina beinin sem næmi 3 manjár. **Samtals 17 manjár.**

**Kirkja í Nesi.** Hér að ofan var lýst hvernig grafa mætti upp grunnin af kirkjunni sem reist var 1785. Það væri mjög einföld framkvæmd og ekki önnur vandamál sýnileg en að mannvirkið er inni á einkalóð.

Uppgröftur á kirkjugrunni væri verk fyrir 3 grafara í 1 sumarvertíð (3 mán) og 1 mann í 1/2 ár við frágang og skýrsluskrif. Einnig er rétt að gera ráð fyrir sérfræðiaðstoð við að ganga frá minjunum til sýningar sem næmi 1/4 mannári. **Samtals 1 1/5 mannár.**

**Tún og gerði.** A) Grunnrannsóknir. Eins og að ofan var rakið er mikilsvert að fram fari fornvistfræðilagar rannsóknir á túninu og umhverfi þess. Um væri að ræða að taka sýni af ýmsum toga með þéttu millibili en meginhluti rannsóknarinnar færi fram á rannsóknarstofum. Verið er að greina frjókorn í sambandi við rannsóknir á aldri fjörumós í Seltjörn og væri eðlilegt að tengja frjókornagreiningu frá sögulegum tíma við þær rannsóknir. **Samtals 1/2 mannár.**

Fornvistfræðileg rannsókn á túninu sem fæli í sér að gera kort af pH gildum, fosfatmagni og magni lífrænna leifa og karbónats í túninu bæði í tíma og rúmi væri verk fyrir 2 menn í 2 mánuði á vettvangi og 1 mann á rannsóknarstofu í 1 ár. Í þessu tilviki er rétt að gera ráð fyrir að annar kostnaður sé hærri en við hefðbundnar fornleifarannsóknir, eða um 30 % af launum. **Samtals 1 2/3 mannár.**

B) Uppgröftur á gerðum. Ekki er ráðlegt að ráðast í uppgröft á gerðunum fyrr en að fornvistfræðilegri könnun á túninu aflokinni. Umfang slíks uppgrafar myndi ráðast af niðurstöðum fornvistfræðirannsóknanna en hægt er að fmynda sér verkefni sem skiptist í afmarkaða verkþætti, og myndu þá fyrst vera grafnir litlir skurðir í um 10 af gerðunum og rústahólunum í túninu og utan við það. Það væri verk fyrir 3 menn í 2 mánuði og 1 mann í 1 ár við frágang. **Samtals 1 2/3 mannár.**

Síðan mætti velja eitt gerðið til fullnaðar uppgrafar og yrði þá gengið frá því til sýningar fyrir almenning. Þetta væri verk fyrir 3 menn í 3 mánuði og 1 mann í 1 1/2 við úrvinnslu og frágang auk þess sem gera þarf ráð fyrir sérfræðiaðstoð við frágang á minjunum til sýningar sem næmi 1/3 mannári. **Samtals 3 mannár.**

Ef gert er ráð fyrir að rannsókn á túni og gerðum tæki til allra þessara þátta, en það þyrfti hún helst að gera frá fræðilegu sjónarmiði, þá myndi verkefnið í heild vera **7 mannár.** Verkefni af þessu tagi hefur þann kost umfram hefðbundinn uppgröft að það má búa niður í smærri verkefni og er jafnvel betra að það sé unnið á löngum tíma.

**Meint langhús.** Rúst nr. 9 í túninu norðvestan við bæjarhólinn í Nesi líkist mjög langhúsum frá landnámsöld. Lítið verk væri að skera úr um hvort svo er eða ekki og væri það verk fyrir 3 menn í 1 mánuð á vettvangi og 1 mann í 2 mánuði við úrvinnslu, **samtals 1/2 mannár.**

Ef tóftin reynist vera frá landnámsöld og ákveð væri að grafa hana upp og ganga síðan frá henni til kynningar væri það verk fyrir 5 menn í 2 sumarvertíðir og 1 mann í 1 1/2 ár við úrvinnslu og frágang, auk sérfræðiaðstoðar við að ganga frá minjunum til sýningar sem næmi 1/4 mannári, **samtals 3 1/2 mannár.**

Ef gert er ráð fyrir að hin óljósa tóft sem er norðan við þá aflöngu verði athuguð í leiðinni - en það væri mjög fýsilegt - myndi umfang þessa verkefnis í heild nema **4 1/2 mannári.**

**Móakot.** Eins og mninnst var á hér að ofan væri fræðilegur ávinngur af því að grafa í bæjarhólinn í Nesi lítill, þar sem uppgreftir á sambærilegum bæjarhólum hafa staðið yfir í Viðey og Bessastöðum undanfarin ár. Þekking á lífskjörum og búskaparháttum hefðarfólks hefur því aukist mjög en lítið sem ekkert er vitað um lífskjör eða afkomu hjáleigubændanna og ræðaranna á skipum stórbóndanna. Norðan við Nesstofu er lítill óspilltur bæjarhóll í túninu, en þar var hjáleigan Móakot á 18. öld og eflaust miklu fyrr. Uppgröftur á þessum hól væri hæfilega stórt og viðráðanlegt verkefni sem myndi stórauka þekkingu okkar á efnahagslífi Seltirninga til forna og myndi henta afar vel til kynningar.

Uppgröftur á bæjarhólum í Móakoti og könnun á grasnytjum þess væri verk fyrir 5 menn í 3 sumarvertíðir og 1 mann í 3 ár við úrvinnslu og frágang, auk þess sem gera verður ráð fyrir sérfræðiaðstoð sem nemi 1/2 mannári. **Samtals 8 mannár.**

**Efnahagur á utanverðu Seltjarnarnesi.** Eins og fram hefur komið má safna spennandi og mikilsverðum upplýsingum á ýmsan annan hátt en með uppgrefti. Raunar væri mjög ráðlegt að áður en ráðist verður í umfangsmikla uppgrefti verði gerð vönduð heimildakönnun og yfirborðskönnun haldið áfram. Þar væri í fyrsta lagi um að ræða kortlagningu með alstöð á þeim stöðum öðrum á neginu þar sem ekki hefur verið sléttað eða byggt, t.a.m. í Gróttu, Suðurnesi og kringum Ráðgerði. Það væri verk fyrir 2 menn í 1 mánuð, og úrvinnsla 1 maður í 1 mánuð, **samtals 1/4 mannár.**

Í öðru lagi væri rannsókn á gömlum kortum og skjalaheimildum um byggð og búskap á svæðinu, og samanburður á þeim niðurstöðum við aðstæður á vettvangi. **Samtals 3/4 mannár.**

Í þriðja lagi væri taktískur uppgroftur, litlar holur á mörgum stöðum til að ákvarða umfang og aldur búsetu. Það væri verk fyrir 2 menn í 2 mánuði, 1 maður í 2 mánuði við úrvinnslu. **Samtals 1/2 mannár.**

Í fjórða og síðasta lagi væri þróun hugbúnaðar til að kynna niðurstöður verksins á tölvuskjá. Engin reynsla er fyrir slíkum verkefnum en skjóta mætti á að það gæti numið **1 mannári.**

Samtals næmi þetta verkefni þá 2 1/2 mannári. Eins og með rannsókn á túninu má skipta þessu verkefni niður í smá og vel afmarkaða verkþætti og vinnuþað á löngum tíma. Best myndi henta ef verkefninu væri stjórnað af sagnfræðingi og fornleifafræðingi í sameiningu.

### *Niðurlag*

Eins og fram hefur komið eru minjar í Nesi ekki í neinni yfirvofandi hættu og því er í sjálfu sér ekki brýn ástæða til að láta rannsaka þær með uppgrefti. Minjarnar eru hinsvegar áhugaverðar og henta afar vel til kynningar og mætti hafa í gangi á hverju ári rannsóknir sem leiddu til skemmtilegrar og fjölbreytilegrar kynningar á menningarsögu í Nesi. Að



auki eru aðstæður allar mjög hentugar, bæði hvað varðar nálægð við þéttbýli og þá aðstöðu sem þegar er á staðnum.

Höfundur þessarar skýrslu vill hvetja bæjaryfirvöld á Seltjarnarnesi til að gera ráðstafanir til að minjum verði ekki spillt frekar en orðið er í Nesi - og er það jafnmikilvægt hvort sem framhald verður á fornleifarannsóknum á svæðinu eða ekki. Bæði er hægt að biðja þjóðminjavörð að láta þinglýsa friðlýsingu en sveitarfélög geta einnig sjálf ákveðið að takamarka framkvæmdir á ákveðnum svæðum til að vernda menningarminjar. Menningarmínjar eru tæmandi auðlind sem mjög hefur gengið á við framkvæmdir eftirstríðasáranna og eru menn nú mjög að vakna til vitundar bæði um nauðsyn þess að varðveita þó ekki sé nema brot af minjunum fyrir komandi kynslóðir og um að menningarmínjar hafa ekki eingöngu huglægt gildi heldur eru þær verðmæti sem hafa má tekjur af. Gildi þeirra rýran þegar samhengi þeirra er rofið og því er mikilvægt að verndun ná ekki aðeins til þeirra staða þar sem tóftir sjást á yfirborði heldur einnig á milli þeirra.

Í þesari skýrslu hafa verið settar fram nokkrar hugmyndir um rannsóknarsamhengi og um ákveðin rannsóknarverkefni og er ljóst að möguleikarnir eru bæði miklir og margvíslegir. Höfundur vill að lokum hvetja til þess að hvað sem verður úr varðandi rannsóknir þá verði tryggt að þær verði gerðar með það í huga að niðurstöðurnar og viðkomandi minjastaðir verði kynntir fyrir almenningi, og að gert verði ráð fyrir því við skipulagningu rannsókna.